



Reiknilíkan vegna styrkja til aðildarfélaga ÍBA til faglegs starfs

Árið 2019 var útbúið reiknilíkan með forsendum fyrir styrktarframlagi Akureyrarbæjar til faglegs starfs aðildarfélaga ÍBA. Notast hefur verið við líkanið í þjónustusamningum við sex aðildarfélög (FIMAK, GA, KA, Léttir, SA og Þór). Í janúar 2024 var reiknilíkanið endurskoðað og uppfært.

Uppfært og endurskoðað reiknilíkan frá janúar 2024

Forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs aðildarfélaga ÍBA:

- Iðkendatölur miðast við fjölda iðkenda á aldrinum 5-19 ára hjá aðildarfélögum ÍBA, þ.e. börn og unglinga sem eru á 5 til og með 19 ári í júní-desember innan tímabilsins frá 1.júní til og með 31. maí ár hvert. Í júní 2024 var t.d. miðað við börn og ungmenni fædd 2004-2018.
- Iðkendatölur eru unnar af ÍBA og Íþróttadeild úr skráningum í Sportabler og nær yfir skráða iðkendur á tímabilinu 1. júní til 31. maí sem hafa greitt æfingargjöld vegna skipulagðar starfsemi sem teygir sig amk 10 vikna tímabil, s.s. haustönn, vorönn, sumarönn eða allt árið.
- Ekki eru taldir iðkendur sem eru skráðir á/í námskeið/skóla sem félögin eru að bjóða uppá samhliða skipulögðum æfingum. Vorskráningar sem teygja sig inn í júní eru ekki taldar með frá 1.júní heldur teljast með skráningum sl. árs/talningar.
- Hver skráð kennitala er talinn einu sinni innan hvers félags eða deildar. Þannig er sami iðkandinn talinn tvisvar ef viðkomandi t.d. æfir körfubolta með Þór og blak með KA, þ.e. talinn einu sinni hjá hvoru félagi. Sama fyrirkomulag er með iðkendur milli deilda innan sama félags.
- Aðildarfélög ÍBA sem eru ekki með þjónustusamning fá greitt samkvæmt reiknilíkaninu með eingreiðslu vikunum á eftir að iðkendatölur liggja fyrir.
- Aðildarfélög ÍBA sem eru með þjónustusamning fá greiðslur í samræmi við reiknilíkanið frá og með 1. janúar árið eftir að iðkendatölurnar liggja fyrir. Greiðslur dreifast á 12 mánuði.
- Fræðslu- og lýðheilsuráð metur breytingar á 100% framlagi við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs.
- Framlög reiknilíkansins eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.
- Til að aðildarfélög ÍBA teljist styrkhæf skv. reiknilíkaninu þurfa félögin að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - Vera fyrirmyndarfélag ÍSÍ
 - Notast við rafrænt skráningarkefri (t.d. Sportabler) og veita ÍBA og Íþróttadeild Akureyrarbæjar aðgang að sínu kerfi varðandi upplýsingar um fjölda skráninga og námskeiða.

Reiknilíkan og forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs aðildarfélaga ÍBA						
Forsendur				Framlag		
Flokkur	Fjöldi iðkenda 5-19 ára	Yfirstjórn	Faglegt starf	Yfirstjórn	Faglegt starf	Samtals
I	1-99		3%		315.000	315.000
II	100-199		6%		630.000	630.000
III	200-299		10%		1.050.000	1.050.000
IV	300-399		15%		1.575.000	1.575.000
V	400-499		20%		2.100.000	2.100.000
VI	500-599	25%	25%	2.625.000	2.625.000	5.250.000
VII	600-699	30%	30%	3.150.000	3.150.000	6.300.000
VIII	700-799	35%	35%	3.675.000	3.675.000	7.350.000
VI	800-899	40%	40%	4.200.000	4.200.000	8.400.000
VII	900-999	45%	45%	4.725.000	4.725.000	9.450.000
VIII	1000-1099	50%	50%	5.250.000	5.250.000	10.500.000
IX	1100-1199	55%	55%	5.775.000	5.775.000	11.550.000
X	1200-1299	60%	60%	6.300.000	6.300.000	12.600.000
XI	1300-1399	65%	65%	6.825.000	6.825.000	13.650.000
XII	1400-1499	70%	70%	7.350.000	7.350.000	14.700.000
XIII	1500-1599	75%	75%	7.875.000	7.875.000	15.750.000
XVI	1600-1699	80%	80%	8.400.000	8.400.000	16.800.000
XVII	1700-1799	85%	85%	8.925.000	8.925.000	17.850.000
XVIII	1800-1899	90%	90%	9.450.000	9.450.000	18.900.000
XIX	1900-1999	95%	95%	9.975.000	9.975.000	19.950.000
XX	2000+	100%	100%	10.500.000	10.500.000	21.000.000

Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.

Framkvæmd og útfærsla þessara styrkja er í höndum forstöðumanns íþróttamála.